

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Laugarvatn, L167638, Traustatún og Guststún.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til þéttbýlisins að Laugarvatni, nánar tiltekið lóðir við Traustatún, Herutún, Fáfnistún og Guststún. Komið hefur í ljós að vegna jarðvegsaðstæðna á hluta svæðisins þá eru lóðir ekki byggingarhæfar. Lóðir við Guststún og Fáfnistún eru því felldar út og gerð breyting á nokkrum lóðum við Traustatún og Herutún til að nýta landið undir byggingar, eftir því sem hægt er. Lóð við Garðstún 2 er stækkuð lítillega. Stærð skipulagssvæðisins er 3,1 ha.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. júní 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 24. júní 2025